

# Ellefti fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga b.s.

haldinn föstudaginn 4. apríl 2014 kl. 8:30 í húsnæði  
bæjarskrifstofu Árborgar.

Mætt: Ari B. Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson, Drífa Kristjánsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir. Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar Árneseinga bs. mætti einnig á fundinn. Drífa ritaði fundargerðina.

## 1. Ársreikningar:

- a) **Héraðsnefndin:** Farið var yfir reikning ársins 2013. Aldís tekur að sér að fá fasteignasala til að verðmeta eignina í Hrísholti 8. Ákveðið var að leggja til að selja Hrísholtið og einnig hlutabréfaeign í Ramma hf. (nafnverð kr. 39.854,- bókfært verð kr 135.000,-). Samþykkt að reikningurinn verði lagður fram á vörfundinum.
- b) **Almannavarnir:** Farið yfir ársreikning Almannavarna. Rekstrarafgangur var kr. 770.000, en ekki voru keypt tæki á árinu í stjórnstöð eins og til stóð. Samþykkt að leggja ársreikninginn fram á vörfundinum.
- c) **Brunavarnir Árneseyslu:** Framlög aðildarsveitarfélaga eru á pari. Tap var kr. 13.9 milljónir á árinu. Samþykkt að leggja reikninginn fram á vörfund Héraðsnefndarinnar.
- d) **Byggðasafn Árneseinga:** Framlag er á pari, kr. 500.000 meir frá ríkissjóði en áætlað var. Samþykkt að leggja reikninginn fram á vörfund Héraðsnefndarinnar.
- e) **Héraðsskjalasafn Árneseinga:** Rekstrarniðurstaða er samkvæmt áætlun. Ráðningarsamningurinn við Þorstein er að renna út. Samþykkt að leggja reikninginn fram á vörfund Héraðsnefndarinnar.
- f) **Listasafn Árneseinga.** Rekstrarniðurstaða er skamkvæmt áætlun. Samþykkt að leggja reikninginn fram á vörfund Héraðsnefndarinnar.
- g) **Tónlistarskóli Árneseinga:** Lífeyrisskuldbindingar eru í reikningnum og virðast hafa áhrif á launaliðinn. Ingibjörg ætlar að skoða málið með endurskoðandanum. Samþykkt að leggja reikninginn fram á vörfund Héraðsnefndarinnar.

2. **Laun forstöðumanna safnanna.** Laun forstöðumanna voru rædd og mikilvægi þess að gæta jafnræðis milli þeirra. Ingibjörgu falið að afla upplýsinga um laun þeirra.

3. **Eyðibýli á Íslandi.** Sótt var um fjárstyrk. Hafnað.

4. **Alviðra.** Verðmat hefur ekki fengist á Alviðru. Ari sagði frá því að hann og Aldís hafi fundað með Landvernd og þeir sýndu vilja til að selja jörðina. Verðmat hefur ekki farið fram.

5. **Erindi frá matarsmiðjunni:** Ákveðið var að leggja erindið fyrir fund Héraðsnefndarinnar.

**6. Áshildarmýri.** Aldís og Ari funduðu með Árnesingafélaginu í Reykjavík. Þar var viðruð hugmynd um að Árnesingafélagið gæfi Hérðasnefndinni Áshildarmýrina. Samþykkt var að kynna málið á vofundi Héraðsnefndarinnar.

**7. Dagskrá vofundar. 13- 20.**

- a) Reikningarnir teknir fyrir (hálf tíma á hverja stofnun) Tónlistarskólinn verður með smá uppákomu.
- b) Alviðra.
- c) Áshildarmýri
- d) Matarsmiðjan
- e) Skoðunarferð
- f) Matur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

---

Ari B. Thorarensen

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Arna Ír Gunnarsdóttir

---

Sveinn Steinarsson

---

Drífa Kristjánsdóttir